



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþingi  
Erindi nr. P 140/746  
komudagur 9.12.2011

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Reykjavík, 8. desember 2011.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Efni: Ósk um umsögn félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands þingskjal 21 um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.**


Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hafa sveitarfélög í Danmörku lagalega skyldu til að bjóða upp á heimsóknir til eldri borgara með það að markmiði að stuðla að því að eldra fólk geti búið á heimilum sínum sem lengst. Á Akureyri og í fleiri sveitarfélögum hér á landi er þegar komin nokkur reynsla af slíkum heimsóknum. Þó svo að erlendum rannsóknum beri ekki öllum saman um árangur og ágæti reglubundinna heimsókna til aldraðra benda aðrar rannsóknir til þess að þær dragi úr einangrun og nýtist helst veikburða eldra fólk. Í slíkum tilvikum hljóta þær að vera af hinu góða og þjóna tilgangi sínum.

Tilgangur reglubundinna heimsókna ætti einnig að vera sá að upplýsa eldri borgara um þá þjónustu sem í boði er og hvert á að leita til að fá hana. Slíkt eftirlit og upplýsingamiðlun gæti því aukið öryggi aldraða en einnig verið stuðningur við aðstandendur þeirra.

Virðingarfyllt,

f.h. félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands,

  
Sigurveig H. Sigurðardóttir,  
dósent,

Umsjónarmaður kennslu um málefni aldraðra og  
norræns meistaranáms í öldrunarfræðum, NordMaG.